


Varðar: Pósthússtræti 17 – fyrirspurn

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. janúar 2024 var lögð fram fyrirspurn Sigurjóns Friðriks Garðarssonar, dags. 14. janúar 2024, um rekstur veitingastaðar í húsinu á lóð nr. 17 við Pósthússtræti.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Hluti af breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar, samþykkt 3. júlí 2008

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulaginu tilheyrir Pósthússtræti 13-15 borgarhluta 2 Miðborg og er á skilgreindu miðborgarsvæði M1a.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag, Kvosin, samþykkt 2. febrúar 1988 með síðari breytingum, þar á meðal breyting á Pósthússtrætisreit, samþykkt 3. júlí 2008.

Umsögn

Húsið á lóð nr. 17 við Pósthússtræti, einnig nefnt Skólabrú 1, er skráð veitingahús, byggt árið 1907 skv. fasteignaskrá og er því friðað skv. *Lögum um menningarminjar 80/2012* og má því ekki spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi og í samráði við Minjastofnun Íslands. Óskað er álits skipulagsfulltrúa á rekstri veitingastaðar í húsinu.

Samkvæmt aðalskipulagi er lóð nr. 17 við Pósthússtræti í miðborgarkjarna (M1a), á svæði með almennar heimildir. Þar má heimila allar tegundir veitingastaða í flokki I–III að skemmtistöðum undanskildum. Í rekstrarleyfi veitingastaða má heimila útiveitingar, þó aldrei lengur en til kl. 23.00. Veitingastaðir í flokki II, teljast vera umfangslitlir veitingastaðir þar sem starfsemin er ekki til þess fallin að valda ónæði í nágrenninu, svo sem með háværrri tónlist, og kalla ekki á mikið eftirlit og/eða löggæslu. Opnunartími skal almennt takmarkast við kl. 01 um helgar og á frídögum en kl. 23 virka daga. Veitingastaðir í flokki III teljast vera umfangsmiklir áfengisveitingastaðir, svo sem þar sem leikin er háværr tónlist og kalla á meira eftirlit og/eða löggæslu. Opnunartími og sala áfengis miðast almennt við til kl. 01 á virkum dögum og til kl. 03 aðfaranótt laugardags og sunnudags og almennra frídaga.

Í fyrirspurn segir að áætlaður opnunartími sé frá kl. 11 til kl. 01, sem samræmist viðmiðum á svæðinu, ef ónæði verður ekki umfram það sem gert er ráð fyrir vegna tónleika og minni atburða í risi hússins.

Lóðin tilheyrir götusvæði nr. 40, Austurvelli. Þar gilda ákvæði um hámark 50% sömu starfsemi að smásöluverslun undanskilinni. Þar sem umrætt hús er þegar skráð sem veitingastaður hefur umsókn um veitingastað ekki áhrif á starfsemiskvóta viðkomandi svæðis og myndi rúmast því innan markmiðs um starfsemi í virkum götuhliðum.

Niðurstaða

- Ekki yrðu gerðar skipulagslegar athugasemdir við veitingastað í húsi nr. 17 við Pósthússtræti.
- Samræmist aðalskipulagi og rúmast innan ákvæðis um virkar götuhliðar.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sigríður Lára Gunnarsdóttir, verkefnastjóri